

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 14. desember 1984

um breytingu á I. og II. viðauka tilskipunar ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja

(85/38/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 82/287/EBE ⁽²⁾, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ber að breyta I. og II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE af ástæðum sem fram koma hér á eftir.

Það er alkunna að auðveldara er að rannsaka stofnhreinleika ákveðinna stofna vallarsveifgrass (*Poa pratensis* L.) en annarra. Því hafa þegar verið sett ákveðin vikmörk fyrir stofnhreinleika þessarar tegundar stofna í II. viðauka framangreindrar tilskipunar.

Rétt er að breyta stöðlum um stofnhreinleika vallarsveifgrass og aðferðum við athugun á því hvort þeim sé fylgt á þann veg að útilokað sé að ólíkum stofnum verði mismunað, vísað verði til akurskoðunar í öllum tilvikum og tekið tillit til gildandi vottunarreglna.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunarfni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

2. gr.

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 66/401/EBE:

1. Í stað „stofnar *Poa pratensis*“ í töflunni í 2. mgr. komi„stofnar *Poa pratensis* sem um getur í öðrum hluta þriðja málsliðar 4. mgr.“.2. Í stað „, og einklóna stofnar *Poa spp.*, sem fengnir eru með kynlausri æxlun,“ í öðrum málslið 4. mgr. komi „og *Poa pratensis*“.

3. Við annan málslið 4. mgr. bætist eftirfarandi:

„þegar um er að ræða *Poa pratensis* skal fjöldi jurta ræktuðu tegundarinnar, sem greinilega samsvara ekki stofninum, ekki fara yfir:— eina á 20 m² við ræktun stofnfræs,— fjórar á 10 m² við ræktun vottaðs fræs,en þegar um er að ræða stofna sem eru opinberlega flokkaðir samkvæmt samþykktum aðferðum sem „einklóna stofnar, sem fengnir eru með kynlausri æxlun,“ má líta svo á að fari fjöldi jurta, sem samsvara greinilega ekki stofninum, ekki yfir 6 á 10² hafi framangreindum stöðlum um ræktun vottaðs stofnfræs verið fylgt. Aðildarríki getur sótt um og fengið heimild, í samræmi við málsmeðferð 21. gr., til að meta, ekki eingöngu á grundvelli niðurstaðna úr akurskoðunum sem fram fara í samræmi við 6. mgr. I. viðauka, hvort staðlar um stofnhreinleika hafi verið uppfylltir þegar um er að ræða ræktun *Poa pratensis* sem tilheyrir slíkum stofnum og sannað er að tryggt sé með viðeigandi fræprófunum eða öðrum viðeigandi aðferðum að staðlar um stofnhreinleika, sem settir eru fram í II. viðauka, hafi verið uppfylltir.“4. Í síðasta málslið 4. mgr. falli niður „og einklóna stofnar *Poa spp.* sem fengnir eru með kynlausri æxlun“.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 66/401/EBE:

1. Í stað „einklóna stofnar *Poa spp.*, sem fengnir eru með kynlausri æxlun“ í fyrsta undirlið annars málsliðar 1. mgr. I. hluta komi „stofnar *Poa pratensis*, sem um getur í öðrum hluta þriðja málsliðar, 4. mgr. I. viðauka“.2. Í stað „einklóna stofnar *Poa spp.*, sem fengnir eru með kynlausri æxlun,“ í fyrsta málslið 1. mgr. II. hluta komi⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 131, 13. 5. 1982, bls. 24.

„stofnar *Poa pratensis* sem vísað er til í öðrum hluta þriðja málsliðar 4. mgr. I. viðauka“.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1986. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. desember 1984.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Poul DALSAGER

framkvæmdastjóri.